

Vinnulag menntasviðs vegna réttinda og velferðar nemenda í grunnskóla

Atli F. Magnússon MSc BCBA Klínískur atferlisfræðingur í Arnarskóla
Silja Dís Guðjónsdóttir, MSc Klínískur atferlisfræðingur á Menntasviði



Dagskrá

- Réttindi og velferð nemenda
- Fagteymin í Kópavogi
- Líkamleg inngríp
- Verkferlar
- Tölfræði
- Hvað nú?



Réttindi og velferð barna

Skólastarf í dag er orðið fjölbreytt og á sama tíma afar flókið. Við erum með fjölbreyttan hóp af börnum og þar á meðal börn sem missa stjórn á skapi sínu og geta sýnt hættulega hegðun.

Vitundarvakning um réttindi og líkamleg inngrip í skólastarfi.



Réttindi og velferð barna

Það eru að koma upp atvik þar sem réttindi þeirra barna skarast til þess að tryggja velferð þeirra.

Starfsmenn í skólasamfélaginu finna fyrir auknu óöryggi í vinnu með börnum sem missa stjórn á skapi sínu og sýna hættulega hegðun.

Ástæðan er oft vegna þess hversu óljós er hvenær á og hvenær má bregðast við?



Fagteymi um réttindi og velferð barna

Fagteymi um réttindi og velferð barna er **samráðsvettvangur** grunnskóla í Kópavogi og Menntasviðs Kópavogsbæjar.

Í Kópavogi starfa tvö fagteymi þar sem sitja fulltrúar grunnskólanna, Arnarskóla og Menntasviðs. Fagteymin skiptast í neðra og efra fagteymi, þ.e. neðri og efri byggð.



NEÐRA
FAGTEYMI



EFRA
FAGTEYMI



NEÐRA FAGTEYMI

Arnarskóli

Barnaskóli Kársness


Kársnessskóli

Kópavogsskóli

Lindaskóli

Smáraskóli

Snælandsskóli



EFRA FAGTEYMI

Arnarskóli

Álfhólsskóli

Hörðuvallaskóli

Kóraskóli

Salaskóli

Vatsendaskóli

Waldorfsskóli

Markmið fagteymisins

Styðja starfsfólk skóla við að rýna sitt verklag og þróa aðgerðir svo **koma megi til móts við þarfir barna** á sama tíma og velferð þeirra og réttindi eru tryggð.

Fagteymið rýnir lýsingar á atvikum innan skólanna og einstaklingsbundnar áætlanir með það að markmiði að **koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.**

Tryggja **gegnsæi** og að foreldrar eru upplýstir um vinnslu málsins.

Áfallasaga og eftirmálar

Líkamleg innngrip og átök við fullorðinna hefur **mjög slæm áhrif** á börn og getur valdið börnum **áföllum**.

Börn upplifa **óréttlæti** í þessum aðstæðum.

Getur **brotið** traust og tengsl




Við vitum heldur ekki hvaða **áfallasögu** barnið hefur.

Birtingamynd í skólum

Börn sem **missa stjórn á skapi sínu**

eða

Börn sem **beita ofbeldi**



Missa stjórn á skapi sínu

Börn missa stjórn á skapi sínu í aðstæðum sem þau ráða ekki við og fara í **tilfinningalegt ójafnvægi**



Líkaminn fer í “**fight or flight response**”. Þá fer heilinn fer að forgangsraða skjótum, eðlislægum viðbrögðum.

Mikilvægt að passa hvernig við tölum um börn sem missa stjórn á skapi sínu.

Ofbeldi mikið í umræðunni


Þegar barn er að missa stjórn

Þegar barn er að missa stjórn á sér er **mikilvægt að gera allt sem hægt** er til þess að **ekki þurfi að beita líkamlegu inngripi**.

Engar áhyggjur skal hafa af því að bakka og láta eftir barninu á þessum tímapunkti. Við erum ekki að kenna barninu eitthvað óæskilegt með því að bakka eða bjóða barninu hluti til að róa sig niður.

Við kennum barninu að takast á við erfiðar aðstæður þegar það er í ró → Þá er taugakerfið ekki í fight or flight.

Missa stjórn á skapi sínu



Líkamleg innngrip til að tryggja velferð

Höld eru algjört **neyðarúrræði**

Ávallt skal tryggja velferð barna með því að tryggja öryggi

Ef starfsfólk telur að velferð sé í hættu ber þeim skylda að bregðast við.

Enginn sem vinnur með börnum getur sagt að velferð barna sé ekki hluti af starfslýsingunni þeirra.

Það má ekki gera ekki neitt ef velferð er í húfi.

Líkamleg innngrip og skert réttindi barna

Þegar það þarf að grípa til líkamlegra inngripa þurfa að vera **mjög skýr vinnubrögð**.

Skýrt verklag þarf að vera í kringum aðgerðir. Ljóst **hvenær** og **hvernig** á að bregðast við, og hvenær á að hætta inngripi.

Aðgerðum skal ávallt stillt í hóf.

Skilgreining á líkamlegu innngripi

- a. Þegar nemenda er **haldið**.
- b. Nemandi er **fluttur milli staða gegn vilja sínum**.
- c. Nemandi er **lokaður inni** í einveruherbergi eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.

Brotið á sjálfræði eða heftir frelsi einstaklings

Líkamleg innngrip og skert réttindi barna

Gæta skal réttindi barna

Að taka barn gegn sínum vilja er **brot á réttindum** þeirra

Líkamleg innngrip á að nota þegar **nauðsynlegt** er ef hegðun barns er **hættuleg sjálfu sér** eða **öðrum** til að **tryggja velferð** þeirra, eða til að koma í veg fyrir meiriháttar **eignatjón**.

Líkamleg innngrip og skert réttindi barna



Óheimilt er að beita líkamlegu innngripi í refsingarskyni eða hegðunarmótandi aðgerðum.



Óheimilt er að beita líkamlegu innngripi sem afleiðingu af óæskilegri hegðun í þeim tilgangi að draga úr tíðni hennar s.s. til að fá nemandan til að hlýða eða draga úr truflun.



Óheimilt er að hótan líkamlegu innngripi til að reyna að hafa áhrif á nemendur.

Viðhorf og væntingar

Þessi börn fá oft væntingar frá öðrum um slæma eða hættulega hegðun.

Mikilvægt að með **jákvætt viðhorf** í þeirra garð og grípa þau góð.

“Við erum með þér í liði”

Orð skipta máli og hvernig við tölum um hlutina skiptir máli.
Skulum **passa okkur hvernig við tölum við og um nemendur.**


Verkferlar

Fagteymi um réttindi og velferð barna




Beiting líkamlegs inngrips

Stakt atvik eða **óvænt tilfelli**



Skólastjórnendum skal tilkynnt um málið, og ákveðið hver tilkynnir atvikið til foreldra/forráðamanna. Mikilvægt er að foreldrar /forráðamenn séu látnir vita eins fljótt og auðið er.



Um leið og nemandi er **rólegur** og ekki stafar hættu af hegðun viðkomandi skal aðgerðum hætt.




Nemanda skal gefið **svigrúm** til að róa sig og ná stjórn á skapi sínu.

Beiting líkamlegs inngríps

Stakt atvik eða **óvænt tilfelli**



Nemanda skal boðið viðtal við aðila sem ekki var hluti af atvikinu þar sem viðkomandi fær tækifæri til að segja frá sinni hlið málsins og ræða um eigin líðan eftir atvikið.



Foreldrar skulu vera upplýstir um farveg málsins, s.s. hvar það er tekið fyrir og hverjir fá upplýsingar um málið.

- Atvikið skal tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi.




Ef nemandinn er fatlaður þarf að tilkynna það til Sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Slóð

Beiting líkamlegs inngrips

Stakt atvik eða **óvænt tilfelli**



Starfsmanni er einnig boðið viðtal við aðila sem ekki var hluti af atvikinu þar sem viðkomandi fær tækifæri til að segja frá sinni hlið málsins og ræða um eigin líðan eftir atvikið.



Skrá tilkynningu um beitingu líkamlegs inngrips og setja í skjalamöppu nemanda



Skráning þegar nemandi beitir skaðlegri hegðun, veldur eignartjóni og/eða beita þarf líkamlegu inngripi í skóla og frístund.

Nafn nemanda:	x	Aldur:	x
Nafn þess sem skráir:	x	Dags:	x

Líkamlegt inngrip	
Skaðleg hegðun gagnvart <u>nemendum</u>	
Skaðleg hegðun gagnvart <u>starfsfólki</u>	
Eignartjón	

*setja X við það sem á við

Nöfn þeirra sem áttu í hlut	x
Hvar átti atvikið sér stað? (t.d. í kennslustofu, á ganginum, frímínútum)	x
Lýsing á atviki? (hvernig líkamlegt inngrip/ofbeldi/ eignartjón kom fram)	x.
Slys á fólki (ef já, lýsið)	x
Ef já, var gerð slysaskráning á ATVIK?	x

Eignartjón (ef já, lýsið)	x	
Lýsing á viðbrögðum starfsfólks	x	
Yfirmaður látinn vita	Hver? x	Hvenær? x
Viðbrögð yfirmanns (fyllt út af yfirmanni)	x	
Hvenær og hvernig var haft samband við foreldra	x	
Hver	x	

Beiting líkamlegs inngríps


Stakt atvik eða óvænt tilfelli

1. Skólastjórnendur upplýstir
2. Forráðamenn upplýstir
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
3. Vinna úr atviki með nemanda
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
4. Vinna úr atviki með starfsmanni
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
5. Skrá skriflega tilkynningu um beitingu á nauðung og setja í skjalamöppu nemanda
6. Atvikið tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi
7. Tilkynna til fagteymis og ræða atvik á næsta fundi
*fá leyfi frá forráðamanni

*Ef nemandinn er fatlaður skal tilkynna til sérfræðiteymis. [Slóð](#)

Beiting líkamlegs inngríps

Þrisvar á skólaárinu eða **innan 6 mánaða tímabils**



Foreldrum boðin **sambætt þjónusta**.



Móta **einstaklingsmiðaða aðgerðaráætlun** sem er kynnt er fagteyminu. Fagteymið aðstoðar starfsfólk við að leita leiða til að árangurinn sé sem bestur.



Fulltrúi grunnskólans eða annar aðili grunnskólans kynnir verklagið og árangur fyrir fagteyminu með reglulegu millibili.

Beiting líkamlegs inngríps

Prisvar á skólaárinu eða **innan 6 mánaða tímabils**

1. Skólastjórnendur upplýstir
2. Forráðamenn upplýstir um atvikið og áframhaldandi verkferil
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
3. Vinna úr atviki með nemanda
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
4. Vinna úr atviki með starfsmanni
*af starfsmanni sem var ekki hluti af atvikinu
5. Skrá skriflega tilkynningu um beitingu á nauðung og setja í skjalamöppu nemanda
6. Stofna beiðni í **OneCRM**
 7. Senda beiðni í rafræna undirritun
*Veitir samþykki fyrir gerð aðgerðaráætlunar
 8. Teymi nemanda vinnur að aðgerðaráætlun
 9. Kynna aðgerðaráætlun fyrir nemanda og leyfa honum að hafa áhrif á hana.
 10. Kynna aðgerðaráætlun fyrir viðeigandi starfsfólki og viðbragðsteymi
 11. Senda útfyllta einstaklingsmiðaða aðgerðaráætlun (skjal) í rafræna undirritun á forráðamann.
Aðgerðaráætlun vegna beitingu líkamlegs inngríps í skólastarfi - skjal
 Ef **sambætt þjónusta** skjal senda skjal af aðgerðaráætlun í undirritun undir því máli í OneCRM (fyrirbyggja tvíverknað).
13. Kynna aðgerðaráætlun á nemendaverndarráðsfundi

*Ef nemandinn er fatlaður skal tilkynna til sérfræðiteymis. [Slóð](#)

Aðgerðaráætlun vegna beitingu líkamlegs inngrips í skólastarfi

Nafn nemanda: x	Aldur: x
Skóli: x	Dags: x

Teymi nemanda innan skóla	Umsjónarkennarar	x
	Deildarstjóri	x
	Stuðningsfulltrúi	x
	x	x

*bæta við ef fleiri eru í teymi nemanda

Sambætt þjónusta: Já / Nei

- Stig? x
 - Tengiliður og/eða málstjóri: x

Almenn skilgreining hvað er líkamlegt inngrip:

- **Líkamlegt inngrip**, t.d. nemenda haldið, í því skyni að koma í veg fyrir að nemandi skaði sjálfan sig eða aðra, eða valdi stórfelldu tjóni á eigum sínum eða annarra.
- **Nemandi er lokaður inni** (t.d. til að koma í veg fyrir líkamlegt inngrip) eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti. Einveruherbergi, þ.e. herbergi þar sem nemandi er lokaður einn inni gegn sínum vilja má eingöngu nota til þess að koma í veg fyrir að nemandinn valdi öðrum skaða eða stórfelldu tjóni á eigum sínum eða annarra, og með þeim nemendum þar sem fagfólk (sem þekkja nemandann) og foreldrar/forráðamenn eru sammála um að það sé betra fyrir nemandann að vera lokaður af tímabundið en að honum sé haldið (t.d. vegna skynúrvinnsluvanda).
- Nemandi er **fluttur milli staða** gegn vilja sínum.

Lýsing á aðgerðum

Hvaða hegðun kallar á líkamlegt inngrip? (þ.e. beitingu líkamlegra inngripa, skerðing ferðafrelsis og/eða flutningur nemanda á milli staða) <u>Breyta eða bæta við skilgreiningu í samræmi við hegðun nemanda.</u>	• Meiðandi hegðun: Þegar nemandi slær, kýlir, sparkar, rífur í hár, hendir hlutum, bítur, klórar eða leggur almennt hendur á starfsfólk eða aðra nemendur. • Óæskileg/hættuleg hegðun: Þegar nemandi reynir að eyðileggja hluti eða brjóta rúður. • Sjálfsskaði eða ef nemandi er hættulegur sjálfum sér: Þegar nemandi kýlir sjálfan sig, lemur höfuð við vegg, bítur sjálfan sig, klifrar upp á hillur eða gluggakistur.
Lýsing á inngripi? (þ.e. hvernig lýsir inngripið sér í framkvæmd)	X
Hvenær skal aðgerðum hætt? (þ.e. hvenær er hegðun ekki lengur hættuleg eða hvenær nemandi telst rólegur)	X
Hvernig er unnið úr atvikinu með nemandanum?	X

Hvernig aðgerðaráætlun er kynnt fyrir nemanda og hvernig hann fær að hafa áhrif á hana?		Kynning: x Rödd nemanda x
Fyrirbyggjandi aðgerðir (þ.e. draga úr líkum á því að nemandi missi stjórn á hegðun sinni og hvernig draga má úr hættu í vinnu með nemandanum (þ.e. aðlögun umhverfis ef við á).		x
Hvaða hegðun á að kenna í staðinn fyrir hegðun sem þarf að hætta? (þ.e. hegðun sem hjálpa nemandanum að takast á við þær aðstæður sem reynast honum/henni erfið og kalla fram hættulega hegðun)		x
Lýsingar á hvetjandi aðgerðum (þ.e. hvað hvetur nemanda til viðeigandi hegðunar)		x
Hvað, hver og hvernig á að skrá upplýsingar til að fylgjast með árangri? (þ.e. hvernig staðið skal að skráningu á erfiðri hegðun, hegðun sem á að kenna í staðinn, sem og inngripinu)		
	Hver	x
	Hvað	x
	Hvernig	x
	Mat á árangri	x

Fræðsla og/eða námskeið fyrir starfsfólk

Fræðsla um líkamleg inn grip og helstu varnarviðbrögð

- Fræðsla til starfsmannahópa í grunnskólum um verklag fagteymisins, líkamleg inn grip, helstu varnarviðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir.

1,5 klst

Ingunn Brynja Einarsdóttir, atferlisfræðingur frá Arnarskóla
Silja Dís Guðjónsdóttir, atferlisfræðingur á Menntasviði

Varnarviðbragða námskeið við hættulegri hegðun

- Námskeið fyrir 6-12 starfsmenn til að fá markvissa þjálfun í varnarviðbrögðum.

3 klst

Atli F. Magnússon, atferlisfræðingur frá Arnarskóla

Aðstoðarmenn

Ingunn Brynja Einarsdóttir, atferlisfræðingur frá Arnarskóla
Silja Dís Guðjónsdóttir, atferlisfræðingur á Menntasviði

Varnarviðbragða námskeið við hættulegri hegðun

- Varnarstaða – hugsuður
- Kast
- Hár tog
- Bit
- Hlutlaus fylgd / Smala

- Lyfta úr gólfi
- Færa á milli staða
- Sitjandi/standandi hald

Klæðaburður

Klæðaburður sem getur stofnað okkur í **hættu**



Höfuð: **Síðir eyrnalokkar, andlitslokkar og slegið hár.**

Háls: **Keðjur, hálsbönd og treflar.**

Handleggir: **Hlýrabolir, stuttermabolir.**

Fótleggir: **Sokkabuxur, stuttbuxur.**

Fætur: **Opnir inniskór, skólaus** (á sokkunum)

Yfirlit yfir fyrirbyggjandi aðferðir

- Traust tengsl
- Hlý móttaka
- Hvers vegna nei?
- Jákvæð styrking
- Pása
- Draga úr áreiti
- Stýrt val
- Viðeigandi kröfur



Mál tekin fyrir í fagteyminu

Líkamleg inngrip	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Fjöldi ræddra atvika líkamlegra inngripa	36	34	72	18
Aðgerðaráætlanir	19	13	10	8

Skertur skóladagur	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Speglun um skertan skóladag	-	-	10	3
Aðgerðaráætlanir	-	-	6	

Í hvaða **farveg** fara þessi mál?

Fagteymi um réttindi og velferð

- Teymi nemanda innan skólans á að fylgja eftir með því að gera **aðgerðaráætlun** þegar atvik eru orðin 3 innan 6 mánaða tímabils. Markmiðið að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig og að mæta þörfum barnsins sem best.
- Athuga hvort málið sé í **sambættri þjónustu** til að tengja saman þau kerfi sem eru í kringum barnið.

Ráðgjafateymi skólaþjónustu

- Sækja um **atferliráðgjöf** frá **ráðgjafateymi skólaþjónustu** fyrir nemanda til að fá frekari ráðgjöf inn í málið.

Ráðgjafateymi grunnskóladeildar

Undir lok skólaárs 2023-2024 var tekin ákvörðun um að leggja niður Tröð – tímabundið skólaúrræði í grunnskólum Kópavogs. Þess í stað var ákveðið að mynda **pverfaglegt ráðgjafateymi sérfræðinga** um stuðning við grunnskólana.

- Í teyminu starfa atferlisfræðingar, fjölskyldufræðingur, kennslufræðingar og sálfræðingur.
- Í framhaldinu er mál unnið í gagnvirku **samstarfi** við starfsfólk grunnskólanna, foreldra og nemendur eins og kostur er.



Hver erum við?

Námskeið um sjálfsstyrkingu og samskipti



Tryggvi Guðjón Ingason
Verkefnastjóri



Lilja Dögg Gylfadóttir
Verkefnastjóri



Jóhann Pétur Herbertsson
Fjölskylduráðgjafi



Elísabet Jónsdóttir
**Fjölskylduráðgjafi og
grunnskólakennari**



Ingunn Brynja Einarsdóttir
Atferlisráðgjafi



Silja Dís Guðjónsdóttir
Atferlisráðgjafi



Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir
Kennsluráðgjafi



Þórhildur Helga Þorleifsdóttir
Kennsluráðgjafi



Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir
**Kennsluráðgjafi
ÍSAT**

Atferlisráðgjöf

Kennsluráðgjöf

Atferliráðgjöf

Atferliráðgjöf byggir á hagnýtri atferlisgreiningu (e. *applied behaviour analysis*). Atferliráðgjafi annast **greiningu á þörfum barnsins, þróun íhlutunar** í kjölfarið, **handleiðslu starfsfólks** til að íhlutun sé framfylgt og **eftirfylgni** eftir að henni lýkur. Atferliráðgjafi fylgist með skjólstæðingi sínum og skráir upplýsingar um hegðun hans og umhverfi.

Einnig eru tekin **viðtöl** við kennara, aðstandendur og nemendur gerist þess þörf. Unnið er úr upplýsingunum og þær **nýttar áfram í ráðgjöf, íhlutun og kennslu.**



Verkferlar í atferlisráðgjöf


Gæðamarkmið er að hefja úrvinnslu á máli innan **3 mánaða** frá því að beiðni berst.

2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
100%*	82%	45%	76%

*gæðaviðmið 1 mánuður

Þung mál eru sett í forgang í samráði við verkefnastjóra eða deildarstjóra grunnskóladeildar.


Málum er úthlutað á ráðgjafateymisfundi, sem á sér stað tvisvar í mánuði.



Atferlisráðgjöf

Fjöldi mála sem ráðgjafar komu að yfir síðustu skólaár

	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	18	22	32	50	83



Hvað mætti betur fara í tengslum við þessi mál?

Markvissari skráningar eru mikilvægar til að fá skýra og áreiðanlega mynd af tíðni og alvarleika atvika.

- Skráningar eru mismunandi innan hvers skóla.
- Við leggjum áherslu á að það sé tekið fram hvaða hegðun kom fram, hvað gerðist á undan, þróun atviksins, hvernig var brugðist við og tímasetning/staðsetning.

Vöntun á auðveldari og greiðari skráningarleiðum sem er aðgengileg fyrir starfsfólk skóla. Þar að auki til að geta dregið einhverjar ályktanir af gögnum.

Hvað mætti betur fara í tengslum við þessi mál?

Tillögum ráðgjafa sé fylgt eftir á markvissan hátt. Mikilvægt að móttakarinn sé sterkur til að fylgja þeim tillögum eftir.

Í flóknum málum vantar þekkingu sem hefur burði til að fylgja tilteknu plani eftir.

Það vantar betri eftirfylgni hjá ráðgjöfum til gæta þess að það sé verið að fylgja eftir því sem var lagt til .



Álag á skólakerfinu

Mikilvægt að halda áfram að vinna þetta og vera meðvituð um að ólíkir hópar þurfa ólík úrræði.

Aukin fjölbreytni nemendahópa kallar á sérhæfða og þverfaglega þekkingu innan skólans.

Mörg börn eiga við ýmsar áskoranir en eru með engar eða vægar greiningar miðað við stuðningsþörf.



Takk fyrir !

